

Föstudaginn 10. mars 1922.

Nr. 26/1921.

Sveinn Magnússon

(Sjálfur)

gegn

**Bjarna Ólafssyni, Sveini
Guðmúndssyni og Árna
Böðvarssyni**

(Guðm. Ólafsson)

Frávísunardómur.

Úrskurður fógetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. apríl 1921: Lögtaksgjörð sú, er hreppstjóri Ytri-Akraneshrepps framkvæmdi hjá Sveini Magnússyni á Setbergi á Akranesi, 31. f. m. skal standa óröskuð fyrir 230 kr. auk kostnaðar við lögtakið og söluna.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir skotið til hæstarjettar lögtaksúrskurði fógetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðnum 23. apríl 1921, um barnsmeðlag, með stefnu, dags. 12. okt. s. á. og var þá málskotsfrestur liðinn samkv. l. nr. 29, 16. desbr. 1865, 11. gr. sbr. l. nr. 22, 6. okt. 1919, 26. gr. Með því að áfrýjandi hefir eigi fengið uppreistarleyfi verður ex officio að vísa málinu frá hæstarjetti.

Í sambandi við lögtaksúrskurð fógetans hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar uppboðsgjörð hreppstjórans í Ytri-Akraneshreppi, þar sem hann seldi á opinberu uppboði fjármuni áfrýjanda þá, sem lögtak var gjört í til lúkningar meðlagskröfunni. En með því að rjettargjörðum hreppstjóra, sem eigi hafa komið undir úrskurð sýslumanns verður eigi áfrýjað til hæstarjettar, ber að vísa málinu einnig að þessu leyti frá rjettinum.

Málskostnað fyrir hæstarjetti verður áfrýjandi að greiða hinum stefndu og ákveðst hann 50 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi, Sveinn Magnússon, hinum stefndu Bjarna Ólafssyni, Sveini Guðmundssyni og Árna Böðvarssyni 50 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. mars 1922.

Nr. 2/1922.

Rjettvísín

(Pjetur Magnússon)

gegn

Kristjáni Sólberg Sólbjartssyni

(L. Fjeldsted)

Innbrotspjófnaður.

Dómur aukarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 2. desbr. 1921: Ákærði Kristján Sólberg Sólbjartsson sæti 8 — átta — mánaða betrunarhússvinnu. Í iðgjöld greiði hann 130 kr. til Pjeturs Kristófers Pjeturssonar, kaupfjelasstjóra á Sandi. Svo greiði ákærði og allan af málinu og varðhaldsvist sinni leiðandi kostnað, þar með taldar 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns Ágúst verslunarstjóra Þórarinssonar í Stykkishólmi.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi þer að staðfesta hann.